

Fundargerð

221. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 6. okt. 2021 á veitingahúsinu Greifanum Glerárgötu 20 Akureyri kl. 13.30.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð

2. Fjárhagsáætlun ársins 2022.

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti stöðu yfirstandandi árs og fjárhagsáætlun ársins 2022. Staða yfirstandandi árs er í jafnvægi. Fjárhagsáætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir 3,63% hækkun frá yfirstandandi ári, sjá meðfylgjandi skjal. Rætt var um að tímabært er að huga að endurnýjun á eldri embættisbifreið og skipta þá yfir í rafbíl. Embættið á fyrir eina rafbifreið og er reynslan af þeirri bifreið góð. Fjárhagsáætlun ársins 2022 var samþykkt.

3. Tiltektir í þéttbýli og til sveita, kröfugerðir og eftirfylgni.

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá helstu verkefnum og er vonast til að hreyfing komist á málefni er varða athafnasvæði Skútabergrs ehf í bæði Hörgársveit og í Akureyrarbæ, m.a. vegna vinnslu deiliskipulags á Moldhaugahálsi. Kynnt var staða mála hjá Auto ehf í Svalbarðsstrandarhreppi og í Akureyrarbæ og kynnt erindi til sýslumannsins á Akureyri, þ.e. aðfararbeiðni til þess að fjarlægja og koma í vörslur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra bifreiðum án skráningarmerkja og lausamunum úr þeim sem staðsettar eru á norður-, suður- og vesturhluta lóðar að Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi (fastanúmer 2160359).

Þá var rætt um mikilvægi þess að sveitarfélög hafi góða yfirsýn og skipan á staðsetningu og umhirðu gáma og annara sambærilegra mannvirkja (s.s. skúrar, vinnubúðir og ýmisskonar geymsluhúsnæði); með því að virkja ákvæði skipulagslögjafar um stöðuleyfi.

Heilbrigðisnefnd hvetur allar sveitarstjórnir á starfssvæði nefndarinnar til að kanna sérstaklega fjölda og staðsetningar á óleyfisgámum (þ.e. gámar án stöðuleyfis) og móta stefnu og vinna aðgerðaáætlun gegn slíkri óleyfisstarfsemi.

4. Undirbúningsvinna vegna hugsanlegra breytinga á skipan eftirlits með matvælum, umhverfi og hollustuháttum.

Alfeð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti eftirfarandi fréttatilkynningu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 15. sept. s.l. og erindi ráðuneytis um væntanlegt samráðsferli og skipulagningu verkefnisins:

ŠAtvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafa undanfarið haft til skoðunar eftirlitskerfi hins opinbera með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Eftirlitið er í dag bæði í höndum ríkisstofnana og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Samkvæmt stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar hefur verið lögð áhersla á að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings og að stjórnsýsla sé skilvirk og réttlát. Með það fyrir augum óskuðu Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, eftir því að endurskoðunarfyrtækið KPMG myndi greina framkvæmd hins opinbera eftirlits. Niðurstaða greiningarinnar er sú að endurskoða þurfi núverandi eftirlitskerfi, m.a. þar sem ósamræmis gæti í framkvæmd opinbers eftirlits og skráningum eftirlitsaðila, auk þess sem 39% munur sé á hæsta og lægsta tímagjaldi heilbrigðisnefnda.

Greiningarvinna þessi var sett af stað m.a. í kjölfar ábendinga um að sá fjöldi stjórnvalda sem fer með eftirlitið hafi leitt til þess að kröfum í eftirlitinu sé misjafnlega framfylgt og að gjaldskrár eftirlitsaðila séu mismunandi.

Ráðherrarnir kynntu málið á fundi ríkisstjórnar í gær þar sem fram kom að fyrirhugað sé að vinna tillögur að breytingum á núverandi eftirlitskerfi.

Við vinnuna verður litið til skýrslu KPMG og athugasemda sem við hana bárust. Haft verður samráð við haghafa, þ. á m. Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Umsagnir:

1. Umsögn um aðaluppdrætti og greinargerð vegna þjónustuhúss Rifóss á Röndinni við Kópasker.
2. Umsögn vegna breytinga á deiliskipulögum fyrir Miðhafnarsvæðis og Norðurhafnar á Húsavík.
3. Umsögn vegna breytinga á starfsmannaaðstöðu og starfsmannainngangs, Samkaupa á Húsavík.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti í fjarveru Jóhannesar Hauks Haukssonar jákvæðar umsagnir undir lið 1,2 og 3.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Sjallinn ehf, kt. 410905-0510, fyrir vínveitingastað í Sjallanum, Ráðhústorgi 1, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Urtasmiðja ehf, kt. 540111-1700, framleiðsla á húðvörum að Ytra-Gili, Eyjafjarðarsveit, 605 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Nökkvi, félag siglingarmanna, kt. 450979-0319, íþróttastarfsemi siglingaklúbbs með kennslu og þjálfun í siglingum, Drottningarbraut 1, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

4. Steps Dancecenter ehf, kt. 680714-0290, danskennsla, jóga námskeiðshald, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
5. KFUM og KFUK Akureyri, kt. 690169-3049, félagsheimili og útleiga á sal, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Leik og dansstúdíó Alice ehf, kt. 4808140530, dans- og sviðslistakennsla fyrir börn og fullorðna, Glerárgata 28, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar 4101912029, sundlaug, íþróttahús, líkamsræktaraðstaða og tjaldsvæði, Skólatröð 9, 605 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Franziska Solte kt. 210186-2059, hundahótel og reiðskóli, Jórunnarstaðir, 605 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Í tröllahöndum ehf, kt. 520421-0760, rekstur og útleiga á félagsheimilinu Rimum og tjaldsvæði með möguleika á morgunverði, Félagsheimilið Rimar, Svarfaðardal, 621 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
10. GS Verslanir ehf kt. 640519-2310 Gránufélagsgata 4 600 Akureyri, sjoppa/verslun undir nafninu GS Búllan. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
11. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249 Drekgagili 660 Mývatn, fjallaskáli, gistirými, eldunaraðstaða, vatnsveita, snyrting og fráveita, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
12. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249 Laugarfelli 601 Akureyri, fjallaskáli, gistirými, eldunaraðstaða, vatnsveita, snyrting og fráveita, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
13. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249 Herðubreiðarlindir, fjallaskáli, gistirými, eldunaraðstaða, vatnsveita, snyrting og fráveita, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. DJ grill kt. 530720-0710 Strandgötu 11 600 Akureyri, hamborgarastaður, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
15. Samkaup hf kt. 571298-3769 Krossmóa 4 260 Reykjanesbær, matvöruverslun, Nettó, Hrísalundi 5, 600 Akureyri, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Landsnet kt. 580804-2410 Rangárvöllum 2 603 Akureyri, tengivirki með olíufylltum spennum, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
17. Ketill ehf, kt. 680421-1450, Ketilkaffi Kaupvangsstræti 8 600 Akureyri, aðilaskipti. **Samþykkt til 12 ára.**
18. Bifreiðastöð Oddeyrar kt. 440169-6949, Strandgötu 600 Akureyri, verslun/leigubílastöð, endurnýjun. **Samþykkt til 1. apríl 2022.**

19. Akureyri Fish ehf kt. 430316-0520 Óseyri 4 600 Akureyri, matsöluvagn. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
20. Majó ehf kt. 471106-0700 Hafnarstræti 11 600 Akureyri, veitingastaður í Laxdalshúsi. **Samþykkt til 12 ára.**
21. Brauðgerðarhús Akureyrar kt. 690121-1820 Sunnuhlíð 603 Akureyri, bakarí, kökugerð og kaffihús. **Samþykkt til 12 ára.**
22. Skútustaðahreppur kt. 600269-1009, Gullsandí á Hólasandi, söfnun, geymsla og hreinsun á svartvatni og seyru frá einka- og rekstraraðilum í Skútustaðahreppi og víðar í safntanki. **Samþykkt til 12 ára.**
23. Eyjafjarðarsveit kt. 410191-2029, skólphreinsistöð fyrir hluta Hrafnagilshverfis, austan Bakktraðar, annar Hrafnagilshverfi fyrir norðan Hrafnagilsskóla að starfsemi skólans meðtalinni. **Samþykkt til 12 ára.**
24. G.V. Gröfur ehf, kt. 500795-2479 grjótvinnsla og efnisvinnsla í syðri pollaklökk í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
25. G.V. Gröfur ehf, kt. 500795-2479, vinnsla malarefna í námu að Björgum og endurvinnsla steypu í fyllingarefni, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
26. Syðra-Holt ehf kt. 610820-0850, Syðra-Holti 621 Dalvík, matjurtarækt og sala beint frá býli. **Samþykkt til 12 ára.**
27. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, efnisnám og efnisvinnsla á Sauðanesi á Upsaströnd. **Afgreiðslu frestað þar sem nánari fylgigögn liggja ekki fyrir.**
28. Vatnsveita Hjalteyrar kt. 510101-3830 Þelamerkurskóla, rekstur vatnsveitu fyrir Hjalteyri og nágrennbæi. **Samþykkt til 12 ára.**
29. Bessa Biti kt. 160705-2640, matsala í matarvagni á bílaplani hjá Skógarböðum í Eyjafjarðarsveit og að Óseyri 2 á Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
30. Promat ehf kt. 550304-3330 Furuvöllum 1 600 Akureyri, geymsla hættulegra efna og rekstur rannsóknastofu. **Samþykkt til 12 ára.**
31. Ghost Kitchen ehf kt. 640821-1830, Menningarhúsinu Hofi, undirbúningseldhús fyrir veitingastaði, hádegismatur fyrir starfsmenn í Hofi og út í bæ, veisluþjónusta, matvælaframleiðsla til endursölu í verslunum. **Samþykkt til 12 ára.**
32. Sillukot ehf, kt.500519-0290 Gunnarsstöðum 4. 681 Þórshöfn, sápugeti. **Samþykkt til 12 ára.**
33. Sundlaug Heiðarbæjar Sha ehf kt.550616-1220 Hveravellir 4, 641 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
34. Skútustaðir ehf kt.650612-0780 Skútustaðir 2b 660 Mývatn, sultugeti. **Samþykkt til 12 ára.**

35. Veidifélag Laxár og Krákár kt.470873-0199 Rimasíða 20 603 Akureyri, veiðiheimili. **Samþykkt til 12 ára.**
36. Sundlaugin Lundi Öxarfirði kt.670521-1170 Þórsgata 2 101 Reykjavík. **Samþykkt til 12 ára.**
37. Sundlaug Raufarhafnar kt.640169-5599 Skólabraut 675 Raufarhöfn. **Samþykkt til 12 ára.**
38. Tjaldsvæði í Lundi í Öxarfirði kt.600112-0580 Active North ehf. **Samþykkt til 12 ára.**
39. Félagsheimilið Skjólbrekka kt.600269-1009 Skútustaðahreppur. **Samþykkt til 12 ára.**
40. Valli ehf gistiheimili kt.520721-0290 Ásgarðsvegi 2,640 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
41. Vatnajökulspjóðgarður kt.441007-0940 þurrsalerni við Dettifoss gefið út til 4 ára. **Samþykkt til 4 ára.**
42. Verkstæði Hjartar Stórholti 6,680 Þórshöfn kt.190894-3129, bifreiðaverkstæði. **Samþykkt til 12 ára.**
43. North East travel Brekkustíg 1 Bakkafirði kt.670804-3640, rekstur á veitingahúsi Hafnartanga 4 685 Bakkafirði. **Samþykkt til 12 ára.**
44. North East travel Brekkustíg 1 Bakkafirði kt.670804-3640, rekstur á gististað að Skólagötu 5, 685 Bakkafirði. **Samþykkt til 12 ára.**
45. Matgæðingar ehf, kt. 611002-0310, Matlifun Njarðarnesi 2 603 Akureyri, sala og/eða meðhöndlun matvælar, forútbúnir réttir, afhentir neytendum. **Samþykkt til 12 ára.**
46. Wioleta Krawcyk kt. 260494-4229, snyrtiþjónusta á nöglum og augnhárum, Sandskeiði 22, 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Stefán Friðrik Stefánsson

Þórey Agnarsdóttir

Lilja Guðnadóttir

Oddgeir Sigurjónsson

Kristín Halldórsdóttir

